


Alþingi
Erindi nr. P 130/192
komudagur 19.11.2003



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Allsherjarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/GAS

Rvk. 17.11.2003

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun stjórnsýsluskóla, þskj. 24, 24. mál.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun stjórnsýsluskóla. Í því skyni verði skipuð nefnd sem móti markvissa endurmenntunarstefnu hjá ríki og sveitarfélögum um endurmenntun þeirra starfsmanna og nefndarmanna sem fara með opinbert vald til þess að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna.

Tekið er undir mikilvægi þess að starfsmenn ríkis og sveitarfélaga, svo og nefndarmenn í opinberum nefndum og ráðum, sem fara með opinbert vald til þess að taka ákvarðanir um réttindi eða skyldur borgaranna, búi yfir nauðsynlegri þekkingu á réttarreglum stjórnsýsluréttarins, einkum málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga. Þá er tekið undir mikilvægi þess að traust framboð sé til staðar á slíku námi og að aðgengi þeirra sem um ræðir sé greitt.

Hins vegar er ástæða til að setja spurningamerki við hugtakið „stjórnsýsluskóli“. Ekki kemur mjög skýrt fram við hvað sé átt, en engan veginn verður séð að ástæða sé til að koma á fót sérstakri stofnun í þessu skyni. Eðlilegra væri að fjármálaráðuneytið hefði forgöngu um skilgreiningu slíkra námskeiða og leitaði síðan eftir tilboðum á markaði um framkvæmdina.

Virðingarfyllst,

Gústaf Adolf Skúlason,
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is